



Sjálfsmynd eftir Louisa Matthíasdóttur frá árinu 1989.

Ópersónuleg heimprá

– Louisa Matthíasdóttir á Kjarvalsstöðum

Margir þeirra listamanna sem mála landslag og líti barnsku sinnar á gamals aldri eru nefndir naivistar til aðgreiningar frá þeim sem numið hafa listina og fjarlægst þar með myndflötinn; sálarlíf þeirra og myndin á fletinum eru ekki lengur eitt og hið sama. Louisa Matthíasdóttir, listakona í New York, málar enn íslenskt landslag barnsku sinnar þótt hún hafi nú búið á Manhattaneyju í fjóra áratugi. En Louisa nam á sínum tíma þá list að slíta sig frá segulsviði myndflatarins og getur því ekki talist til naivista þó svo að heimpráin og dýrðarljómi barnskunnar eigi sér ekki síður athvarf í myndum hennar. Sá dýrðarljómi er þó þess eðlis að formrænar forsendur og einföldun í litameðferð verða brátt aðalatriði á kostnað ævintýra og galsa. Formfræðin verður enn fyrirferðarmeiri þegar listakonan situr inni við og lítur í spegil eða raðar upp úr innkaupakórfunni á dúk að borð.

Myndlist

Ólafur Engilbertsson

Átakalaust landslag

Á þeirri yfirlitssýningu á verkum Louisa Matthíasdóttur, sem nú hefur verið sett upp á Kjarvalsstöðum, gefur að líta sýnishorn frá rúmlega fimm-tíu ára ferli listakonunnar. Flest verkin eru frá síðustu árum og má merkja af þeim að Louisa er stöðugt að þróa og vikka út formrænar undirstöður listar sinnar. Þetta birtist vel í nokkrum Reykjavíkurmýndum frá árinu 1989 og mynd af Reykjavíkurbíó frá 1991. Í þeim myndum vinna einföld form og sterkir, markvissir litir vel saman í átakalausri og léttleikandi myndbyggingu. Þessi verk, líkt og önnur landslagsverk Louisa frá síðustu tveimur áratugum, einkennast af myndsyn á mörkum abstraktgeometríu og hefðbundins raunsæis. Það er þetta einstigi sem Louisa hefur fetað síðustu árin, þar sem jafnframt togast á hið persónulega líf og ópersónuleg fjarlægð frá viðfangsefninu.

Eldri pensilskrift, yngra kæruleysi

Elsta verkið, „Drengur að leik“, er frá 1939. Þegar verkið er skoðað er skiljanlegt það sem Louisa hefur sagt að hún hafi sjálf vart getað þekkt í sundur eigin verk og vinkonunnar Nínu Tryggvadóttur frá þessum tíma. Það er athyglivert að Louisa virðist á næstu tveimur áratugum hafa hneigst frá þeirri einföldun myndmáls sem þarna sést. Í upphafi sjöunda áratugarins málaði hún sjálfsmyndir, uppstillingar og myndir af Temmu dóttur sinni, sem hafa mun innilegra yfirbragð en seinni tíma myndir listakonunnar. Þessar myndir eru í eðli sínu meiri teikningar en hinar tæru og sterkmáluðu seinni tíma myndir og blær þeirra er mun persónulegri. Þjálfuð pensilskriftin gerir það jafnframt að verkum að bygging þessara eldri mynda virkar hnitmiðaðri. Þar er ekki gefið færi á allt að því klunnalegum samsetningu á borð við „Hestur í landslagi“ frá 1989 og „Sjálfsmynd“ frá þessu ári. Svo einfaldar myndir að allri byggingu mega ekki við því að farið sé út af sporinu eitt andartak. Louisa Matthíasdóttir lætur hins vegar skeika að sköpuðu og fer viljandi ítrekað út af sporinu í uppbyggingu margra verka sinna þannig að þau virðast sum hver ekki fullunnin. Það er ef til vill í þeim afslappaða kæruleysisanda sem leyndardómurinn á bak við slagkraft verka hennar liggur.

–ÓE

Guðrún Hjörleifsdóttir spákona:

Geimverurnar sýndu mér auðnina á Íslandi

– landið nær sér á strik 1996

„Í mínum huga er enginn efi. Ég held að mjög merkilegt fyrirbrigði gerist á Snæfellsjökli. Ég held að allir muni sjá verurnar og geti tekið myndir. Ég er fullviss um að það er að myndast tenging núna,“ segir Guðrún Hjörleifsdóttir spákona sem féllst á að miðla lesendum blaðsins af reynslu sinni af geimverum. Guðrún heldur fyrirlestur ásamt fleiri Íslendingum um geimverur í Háskólabíói á laugardaginn. Ráðstefnan þar stendur frá kl. 10–16.30.

„Samband mitt við verurnar úti í geimi er í gegn um drauma og skynjanir. Ég hef séð geimverur nokkrum sinnum og mér hefur verið boðið upp í geimskip. Mennirnir úr geimnum hafa aukið komur sínar síðastliðin þrjú ár. Þetta eru mjög virðulegir, gráklæddir, frekar hávaxnir menn sem ég skynja eins og vísindamenn,“ segir Guðrún en hún segir verurnar vera vinveittar og að þær hafi komið hingað í því skyni að veita upplýsingar.

„Það var flogið með mig í geimfari yfir Ísland og mennirnir sýndu mér hversu mikil auðn væri orðin á landinu. Einnig létu þeir mig skynja efnahagsástandið í landinu og mér skildist að Ísland myndi ekki ná sér upp úr efnahagslæðinni fyrr en árið 1996,“ segir Guðrún.

Fimm ára áætlun

Guðrún sagði í samtali við DV að tvær verur utan úr geimnum hefðu komið til sín fyrir tveimur mánuðum. „Þær tóku mig með sér og mér fannst eins og þær opnuðu höfuð mitt, rannsókuðu það og lokuðu síðan aftur. Mennirnir sögðu að fram undan væri fimm ára áætlun. Ég tel að á næstu fimm árum standi til meiri samskipti og meðvitund um það sem er að gerast úti í geimnum. Geimverunum finnst við fara mjög illa með jörðina, bæði hvað varðar umhverfi og andrúmsloft. Þær vilja leiðbeina okkur. Auk þess koma þær



Geimverunum finnst við fara illa með jörðina, segir Guðrún Hjörleifsdóttir spákona og miðill.

einnig hingað til þess að fá orku. Þær segja að hér sé ómæld orka. Ég datt óvart inn í þessi mál en geimverurnar hafa áreiðanlega stjórnað því,“

segir Guðrún Hjörleifsdóttir sem heldur fyrirlestur um geimverur í Háskólabíói á laugardag.

–em

Grasvöllur á Hellissandi



Starfsmenn Neshrepps ljúka við að þökuleggja nýja íþróttavöllinn á Hellissandi. Margir hafa lagt hönd á plóginn og unnið við hann í sjálfböðavinnu. DV-mynd Ægir

Ægir Þórðarson, DV, Hellissandi:

Fyrir ári var hafist handa við nýjan íþróttavöll á Hellissandi. Hann er við hliðina á gamla malarvellinum, í hraunjaðrinum fyrir ofan þorpið. Neshreppur utan Ennis stendur að framkvæmdinni í samvinnu við Ungmennafélagið Reyni.

Í vor og sumar hefur vinna verið í fullum gangi og 11. ágúst var lokið við að þökuleggja völinn. Settar voru þökur á u.þ.b. 8000 m² svæði og voru þær lagðar af starfsmönnum Neshrepps ásamt sjálfböðaliðum úr Reyni. Þökurnar voru teknar í landi Gufuskála og Kjalvegs.

Það eru ýmis félög og félagsamtök sem leggja til fjármagn og vinnu til verksins, þ.á m. Lionsklúbbur Nesþinga sem færði Reyni 300.000 krónur til uppbyggingar grasvallarins en Neshreppur mun fjármagna verkið að mestu leyti. Næsta sumar er áætlað að útbúa aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir auk þess að laga áhorfendastæði. Nýi grasvöllurinn verður vígður á næsta ári en þá verður Umf. Reynir 60 ára.

LÁTTU EKKI OF MIKINN HRADA
VALDA ÞÉR SKAÐA!



UMFERDAR
RÁÐ